

7. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum þegar byggingar falla ekki undir ákvæði gjaldskrár þessarar.

8. gr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b) Ef gatnagerðargjald hefur verið lagt á í tengslum við útgáfu byggingarleyfis en leyfið fellur úr gildi eða fellt úr gildi. Á það jafnt við um gatnagerðargjald af eignarlóðum og viðbótargatnagerðargjald sbr. 5. gr.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum 1 mánuður frá því að lóðarhafi leggur fram ósk um endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingakostnaðar frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

9. gr.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskyldum tíma og þá er sveitarstjórn heimilt að afturkalla byggingarleyfi og/eða lóðarúthlutun.

10. gr.

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Lögveðsrétturinn tekur einnig til váttryggingarfjár viðkomandi eignar. Lögveðsrétturinn helst þó samið verði um greiðslufrest skv. 2. mgr. 6. gr. og skal þess getið í skilmálum.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings eystra þann 11. nóvember 2004.

Hvolsvelli, 12. nóvember 2004.

F.h. sveitarstjórnar Rangárbings eystra,

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 751/2002 um tilteknar epoxý afleiður til notkunar í efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.

1. gr.

3. gr. hljóðar svo:

Efni og hlutir sem ætlað er að snerta matvæli skulu ekki gefa frá sér efnin sem talin eru upp í viðauka 1 í magni umfram það sem þar er tilgreint. BADGE skal ekki vera til staðar í efnum og hlutum sem ætlað er að snerta matvæli eftir 31. desember 2005. Efni og hlutir sem ætlað er að snerta matvæli skulu ekki gefa frá sér efnin sem talin eru upp í viðauka 2

í magni sem, að viðbættu BADGE og afleiðum þess sem taldar eru upp í viðauka 1, er umfram það sem tilgreint er í viðauka 2.

BFDGE skal ekki vera til staðar í efnum og hlutum sem ætlað er að snerta matvæli eftir 31. desember 2004.

2. gr.

5. gr. hljóðar svo:

Skilyrðin sem koma fram í 3. gr. og 4. gr. gilda ekki um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli og skilgreindir eru í b) og c) lið 2. gr. og komu á markað fyrir 1. mars 2003. Slík efni og hlutir sem ætlað er að snerta matvæli má setja á markað að því tilskildu að pökkunardagur komi fram á umbúðum í samræmi við reglugerð um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla nr. 588/1993, með síðar breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðar breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2004/13/EB um breytingu á tilskipun 2002/16/EB sem vísað er til í tölul. 54zzi, XII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, þann 24. september 2004.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstofnun, 17. nóvember 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUR

um undanþágur frá auglýsingum vegna starfa við Háskólann á Akureyri.

1. gr.

Markmið.

Reglur þessar eru rammi um ráðningar á grundvelli laga nr. 43/2004 um breytingar á lögum nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Í a-lið 1. gr. laganna segir að í 9. mgr. 3. gr. verði tekin upp heimild til undanþágu frá meginreglu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem mælir fyrir um það að auglýsa beri laus störf hjá ríkinu.

2. gr.

Stöðuveitingar án auglýsingar.

Almenna reglan er sú að auglýsa skal allar háskólakennara- eða sérfræðingsstöður. Þó getur rektor, í sérstökum tilvikum, ráðið háskólakennara eða sérfræðing, án auglýsingar til allt að þriggja ára vegna tímabundinna og vel skilgreindra verkefna, sbr. 4. gr. Samningur um skiptingu kostnaðar milli háskólans og viðkomandi verkefnis skal vera fyrirbyggjandi. Jafnframt skal liggja fyrir samningur um leigu á húsnæði eða skrifstofu.